

Hafnarfirði, 15. febrúar 2015

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingartillögu við þingsályktunartillögu um breytingu á rammaáætlun, 244. mál - Hagavatnsvirkjun

Atvinnuveganefnd hefur nú til umfjöllunar tillögu þess efnis af færa hugsanlega virkjun við Hagavatn úr biðflokki í nýtingarflokk. Tillagan gerir ráð fyrir að möguleg virkjun við vatnið verði sett í nýtingarflokk án þess að slíkt sé byggt á faglegum sjónarmiðum eða að áhrif slíkrar virkjunar, ásamt breytingum á vatninu og umhverfi þess, séu nægjanlega þekkt. Undirritaður gjörþekkir Hagavatn og umhverfi þess og hefur stundað þar rannsóknir, leiðsögn og útivist frá árinu 1980. Fjöldmargt af því sem haldið hefur verið fram um hugsanleg jákvæð umhverfisáhrif samfara því að breyta Hagavatni í miðlunarlón stenst ekki. Með því að heimsækja vatnið, og það svæði sem mundi fara á kaf við stíflun útfalls þess, má glögglega sjá að miðlunarlón mundi færa á kaf gamlan botn Hagavatns þar sem gróður er í mikilli sókn og sandfok ekki til staðar. Þá má auðveldlega sjá hvernig breytingarnar á vatninu geta aukið vandamál vegna foks á svæðinu sunnan Langjökuls til muna.

Árið 1996 gerði Landgræðsla ríkisins umhverfismat vegna hugsanlegrar stækkunar á Hagavatni með stíflu í þeim tilgangi að draga úr sandfoki. Í þeim tillögum var ekki gert ráð fyrir virkjun heldur einungis hækkun vatnsins sem stöðugu vatnsborði ólíkt núverandi virkjunarhugmyndum. Ekki tókst að sýna fram á að hækkun vatnsborðs Hagavatns mundi draga úr sandfoki á svæðinu og þann 25. febrúar 1997 hafnaði umhverfisráðherra umhverfismati á þeim forsendum. Enn þann dag í dag hafa ekki komið fram nein gögn sem staðfesta að hækkun á vatnsborði Hagavatns muni draga úr sandfoki. Þvert á móti þá hafa frekari skoðanir á aðstæðum leitt í ljós að slík framkvæmd muni beyta foki á svæðinu og mögulega auka vandann til muna. Ég leyfi mér að benda á Ólaf Arnalds jarðvegssérfræðing og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Hann hefur rannsakað svæðið og bent á þessa hættu. Þá hefur Landgræðsla ríkisins horfið frá hugmyndum sínum um stækkun vatnsins í þeim tilgangi að hefta sandfok.

Sandfok sunnan Langjökuls er mikið. Um það deilir enginn. Það fok á nær allan uppruna á svæði sem er utan hugsanlegs miðlunarlóns. Þann sandfoksgeira má auðveldlega sjá, t.d. á gervitunglamyndum. Því hefur lítt verið haldið á lofti að með gerð Hagavatnsvirkjunar mundi vatnið breytast í miðlunarlón. Sá hluti lónsins sem mundi standa á þurru þegar lægst yrði í lóninu hefur flatarmál sem nemur 6 ferkílómetrum. Til samanburðar þá er núverandi flatarmál Hagavatns um 4,5 ferkílómetrar. Það segir sig sjálft að slíkur lónsbotn getur haft afar neikvæð

áhrif varðandi fok. Við þetta bætist sá gríðalegi framburður fínefna sem berst frá Vestari-Hagafellsjökli með ánni Læminu. Það efni mundi setjast fyrir í grunnu miðlunarlóni, sunnan Hagafells, á því svæði þar sem lónsbotninn mundi standa á þurru hluta ársins. Slíkt yrði án efa mikil uppspretta foks frá svæðinu og gæti leitt til þess að framkvæmdir sem þessar við Hagavatn mundu auka fok og hafa neikvæð umhverfisleg áhrif.

Þessu til viðbótar má nefna þau neikvæðu áhrif sem lítil virkjun við Hagavatn mundi hafa á útivist og náttúrumynjar. Þar má nefna hina mikilfegnlegu náttúrusmíð Leynifossgljúfur, sérstakar strandlínur við Brekknafjöll og Fagradalsfjall auk gönguleiðarinnar milli Hagavatns og Hlöðuvalla. Náttúrufar við Hagavatn er sérstakt og óraskað. Það var því ekki að ástæðulausu sem Ferðafélag Íslands reisti sæluhús við Hagavatn árið 1942. Það hús stendur enn og ferðalangar sem leggja leið sína að Hagavatni njóta góðs af.

Ég hvet nefndarmenn atvinnuveganefndar til að kynna sér málefni Hagavatns og áhrif hugsanlegar virkjunar af fagmennsku og kostgæfni. Mikilvægt er að fagmennska sé í fyrirrúmi og að ákvarðanir byggi á gögnum og ekki síður skorti á gögnum. Að leggja út í varhugaverðar framkvæmdir við Hagavatn vegna mikils þrýstings frá fámennum hópi boðar ekki gott. Afleiðingarnar gætu orðið mjög alvarlegar og lífsgæði íbúa nærri virkunarstað versnað. Ábyrgðin er því mikil.

Ég er reiðubúinn að koma fyrir nefndina, sé þess óskað, til að veita frekari rökstuðning. Þá er ég einnig reiðubúinn að veita nefndarmönnum leiðsögn um svæðið við Hagavatn. Margar af þeim rangfærslum sem haldið er á lofti, um hugsanleg jákvæð áhrif virkjunar við Hagavatn, stafa af því að menn þekkja því miður ekki nægjanlega vel til aðstæðna við vatnið.

Virðingarfyllt,



Jón Viðar Sigurðsson, jarðfræðingur
Hrauntungu 2
220 Hafnarfirði